



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 20. október 2025

SFS25100082

MINNISBLAÐ

Sumarsmiðjur grunnskóla Reykjavíkurborgar 11. - 13. ágúst 2025

Sumarsmiðjur grunnskóla Reykjavíkurborgar voru haldnar dagana 11., 12. og 13. ágúst 2025 í Háteigsskóla, Laugalækjarskóla, Laugardalslaug, Myndlistarskóla Reykjavíkur og í húsnæði skóla- og frístundasviðs í Borgartúni 12-14.

Sumarsmiðjurnar hafa verið fastur liður í endurmenntun starfsfólks grunnskólanna um árabíl. Undirbúningur sumarsmiðja hefst í mars á ári hverju með öflun fræðsluaðila, samvinnu um staðsetningu námskeiða og fleira. Síðast liðin ár hafa flestar smiðjurnar verið haldnar í Háteigsskóla í góðu samstarfi við stjórnendur og starfsfólk þar. Skráning þátttakenda á smiðjurnar fer fram í maí og júní, námskeiðin eru haldin í ágúst og úrvinnsla fer fram í september og október. Utanumhald og undirbúningur er samvinnuverkefni fagskrifstofu grunnskólamála á skóla- og frístundasviði, Mixtúru, Nýsköpunarmiðju menntamála og Miðju máls og læsis sem hafa gert með sér samning þar að lútandi.

Námskeiðsframboð hefur tekið mið af Menntastefnu Reykjavíkurborgar, málefnum sem efst eru á baugi í skólamálum hverju sinni sem og lögbundnum þáttum í endurmenntun kennara. Þar vinna saman Mixtúra, Miðja máls og læsis, Miðstöð útivistar og útínáms, Nýsköpunarmiðja menntamála, Menntavísindasviði HÍ, Myndlistarskóli Reykjavíkur, Rauði krossinn, einstaka kennarar í grunnskólum borgarinnar og fleiri fræðsluaðilar sem bjóða fræðsluerindi. Námskeiðin eru hagnýt og fræðandi og stuðla að faglegu, gróskumiklu og góðu skólastarfi. Úr verður fjölbreytt hlaðborð spennandi námskeiða sem kennarar í borgarreknum og sjálfstætt starfandi grunnskólum geta skráð sig á í gegnum Torgið sem og með öðrum leiðum. Þátttökugjaldi er stillt í hóf og í boði eru námskeið sem henta fagmenntuðu starfsfólki grunnskóla þvert á námsgreinar og aldur nemenda.

Í ár náðist fullnægjandi þátttaka á 38 námskeið, en 47 námskeið voru í boði í upphafi. Fræðsluaðilar voru 41 talsins og skráningar þátttakenda á námskeið voru 835, einhver þeirra sóttu fleiri en eitt námskeið.

Þegar þátttakendur hafa lokið námskeiði býðst þeim að skila inn fræðslumati um það tiltekna námskeið. Niðurstöður fræðslumats eru nýttar til að skýra betur efnistöð og námskeiðsframboð varðandi fræðslu og endurmenntun starfsfólks á komandi skólavetri sem og úrval námskeiða á Sumarsmiðjum grunnskóla árið eftir.



Reykjavík



Hér fyrir neðan er tafla með námskeiðum sem haldin voru á Sumarsmiðjum 2025:

Spil í kennslustofunni	Aðlögun og einföldun námsefnis fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumálabakgrunn	Handmótun á leir kl. 9-14 Myndlistaskólinn í Reykjavík
Nýsköpunarverkefni með endurunnu efni - Sköpun án takmarkana	Bekkjarhagkerfið	Kvikmyndagerð í grunnskóla
Grunnskólinn og ADHD	Verklegar æfingar í náttúrufræði á yngsta stigi	Endurmenntun í öryggi og björgun ásamt hæfnisprófi / Laugardalslaug
Skapandi skil og námsmat	Ipad spjaldtölvur á yngsta stigi	Gervigreind - Byrjunarnámskeið fyrir öll
Verklegar æfingar í náttúrufræðikennslu í 7.-10. bekk	Evolytes nám	Stuðningur og skipulag fyrir kennara nemenda með fjölbreyttan tungumálabakgrunn
Gervigreind og ritun	Ritunarrámminn: Notkun í skólastarfi, undanfari, rafrænn hluti	Skapandi stærðfræði
Syngjandi skóli	Ofbeldi, öfgahyggja og hópamyndanir ungs fólks	Mónóþrykk Myndlistaskólinn í Reykjavík
Verkefnamiðað nám í skapandi skólastarfi	Hugleiðsla og sjálfstyrking í skólastarfi	Markviss lestrarkennsla með notkun K-PALS og G-PALS Laugalækjarskóli
Stikum af stað - kynning á stöðumati fyrir nýja nemendur á Íslandi	Innsýn í hugsandi kennslurými í stærðfræði	Útiteikning Myndlistaskólinn í Reykjavík
Á ég að segja eitthvað? Viðbrögð við rasisma og hatursorðræðu	Hjálpargögn og stuðningsefni í kennslu nemenda með fjölbreyttan tungumálabakgrunn	Náttúruleg kennsla að bættri hegðun
Gufa börn með málþroskaröskun DLD upp í grunnskóla?	Kennsla íslensku sem annars tungumáls á 1., 2. og 3. hæfnistigi 13:00-15:00	Áföll, missir og sorgarúrvinnsla hjá börnum á grunnskólaaldri - leiðbeiningar fyrir kennara kl. 9:00-11:00
Frá eftirtekt til árangurs: Að efla kennsluhætti með PLATO	Menntun hugar og hjarta - markþjálfun í skólastarfi (fræðsla og vinnusmiðja)	Að vinna með óæskilega kynferðislega hegðun: Greining, kveikja og markviss inngríp
Gróskutengiliðir og Gróskuteymi grunnskólanna		

Sjá má upplýsingabækling um námskeiðsframboð á Sumarsmiðjum grunnskóla til starfsfólks í heild sinni [hér](#).